10. gr.

Verði sjóðurinn lagður niður skulu eignir hans renna til Háskólans á Akureyri.

11. gr.

Leita skal staðfestingar dómsmálaráðuneytis á skipulagsskrá þessari.

Skipulagsskrá þessi staðfestist hér með samkvæmt lögum um sjóði og stofnanir sem starfa samkvæmt staðfestri skipulagsskrá, nr. 19/1988.

Dóms- og kirkjumálaráðuneytið, 26. júlí 1994.

F. h. r.
Ólafur W. Stefánsson.

Jón Thors.

Nr. 438 25. júlí 1994

REGLUGERÐ

um breytingu á reglugerð um vörubifreiðar og sendibifreiðar, sem notaðar eru til leiguaksturs og takmarkanir á fjölda þeirra, nr. 121/1990 með síðari breytingum.

1. gr.

12. tl. 7. gr. orðist svo:

Á félagssvæði Vörubílstjórafélagsins Vals, sem er Akureyri, Eyjafjarðarsveit, Glæsibæjar-, Öxnadals-, Skriðu- og Arnarneshreppur, allir í Eyjafjarðarsýslu. Hámarkstala er 20 vörubifreiðar.

2. gr.

Reglugerð þessi, sem sett er samkvæmt lögum um leigubifreiðar, nr. 77/1989, staðfestist hér með til að öðlast þegar gildi og birtast til eftirbreytni öllum þeim sem hlut eiga að máli.

Samgönguráðuneytið, 25. júlí 1994.

Halldór Blöndal.

Helgi Jóhannesson.

Nr. 439 30. júní 1994

AUGLÝSING

um gildistöku ákvæða er leiða af samningnum um Evrópska efnahagssvæðið vegna flugmála.

1. gr.

Eftirtaldar EES-gerðir sem vísað er til í VI. kafla um almennt flug í XI. viðauka samningsins um Evrópska Efnahagssvæðið, skulu öðlast gildi sem hér segir með þeim breytingum og viðbótum sem leiðir af XIII. viðauka og bókun I við samninginn og öðrum ákvæðum hans:

1. Eftirfarandi bætist við 63. lið:
   - Reglugerð ráðsins (EBE) nr. 3089/93 frá 29. október 1993 um breytingu á reglugerð ráðsins (EBE) nr. 2299/89 um starfsreglur fyrir notkun tölvufarskráningarkerfa.
2. Eftirfarandi bætist við 64. lið:
   64a. Reglugerð ráðsins (EBE) nr. 2408/92 frá 23. júlí 1992 um aðgang bandalagsflugfélaga að flugleiðum innan bandalagsins.
   64b. Reglugerð ráðsins (EBE) nr. 95/93 frá 18. janúar 1993 um sameiginlegar reglur um úthlutun afgreiðslutíma á bandalagsflugvöllum.
3. Í stað 65. liðar komi eftirfarandi:
   65. Reglugerð ráðsins (EBE) nr. 2409/92 frá 23. júlí 1992 um fargjöld og farmgjöld í flugþjónustu.
4. Eftirfarandi nýir liðir komi aftan við 66. lið:
   66a. Reglugerð ráðsins (EBE) nr. 3922/91 frá 16. desember 1991 um samræmingu á tæknikröfum og stjórnsýslumeðferð á sviði flugmála.
   66b. Reglugerð ráðsins (EBE) nr. 2407/92 frá 23. júlí 1992 um veitingu flugrekstrarleyfa til handa flugfélögum.
5. Eftirfarandi nýr liður komi aftan við 68. lið:
   68a. Tilskipun ráðsins 91/670/EBE frá 16. desember 1991 um gagnkvæma viðurkenningu á flugstarfaskírteinum.

2. gr.

Tilskipun ráðsins 93/65/EBE frá 19. júlí 1993 um skilgreiningu og notkun samhæfðra tækniforskrifta vegna kaupa á búnaði og kerfum fyrir flugumferðarþjónustu, gildir ekki fyrir Ísland.

3. gr.

Eftirfarandi EES-tilskipun sem vísað er til í VI. kafla um hávaða í XX. viðauka samningsins um Evrópska efnahagssvæðið, skal öðlast gildi sem hér segir, með þeim breytingum og viðbótum sem leiðir af XX. viðauka og bókun I við samninginn og öðrum ákvæðum hans:

Tilskipun ráðsins 92/14/EBE frá 2. mars 1992 um skorður við notkun flugvéla sem falla undir 1. bindi, II. hluta, 2. kafla í 16. viðauka samþykktar um alþjóðaflugmál, 2. útg. (1988) (Stjtíð. EB nr. L. 76, 23. 3. 1992, bls. 21), eins og hún var leiðrétt í Stjtíð. EB nr. L 168, 23. 6.1992, bls. 30.

4. gr.

Gerðir samkvæmt 1. gr. eru birtar í bók 3 sérstakrar útgáfu EES-viðbætis við Stjórnartíðindi EB, bls. 517-553, sbr. lög nr. 91/1994.

5. gr.

Auglýsing þessi, sem sett er samkvæmt heimild í lögum um loftferðir nr. 34/1964 með síðari breytingum, öðlast þegar gildi.

Samgönguráðuneytið, 30. júní 1994.

Halldór Blöndal.

Ragnhildur Hjaltadóttir.